

## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

### 1. fundur, haldinn í fundarsal A ÍSÍ 31.8.2015 kl. 20:00

Fundinn sátu: Kristinn Arason varaformaður, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir ritari, Guðrún Ósk Jakobsdóttir varamaður, Þóra Margrét Hjaltsted formaður laganefndar, Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar í áhaldafimleikum kvenna, Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri.

Boðuð forföll: Íris Svavarsdóttir, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir og Arnar Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

Dagskrá:

#### 1. Erindi frá Axel Ólafi

*Axel Ólafur Þórhannesson lagði fram beiðni um styrk vegna þjálfaranámskeiðs FIG, Level 2 sem haldið var í Osló nú í ágúst.*

FSÍ fagnar því að Axel Ólafur hafi farið á námskeiðið og aflað sér meiri menntunar sem mun skila sér til baka í fimleikahreyfinguna á Íslandi. FSÍ mun samt sem áður ekki styrkja Axel með beinum fjárstyrk. FSÍ hefði getað aðstoðað við að útvegna hagstætt flug ef haft hefði verið samband fyrr. En Axel stendur til boða með aðstoð FSÍ að halda fræðslukvöld þar sem hann getur miðlað því sem hann lærði og aðgangseyrir færi þá upp í kostnað hans á námskeiðinu.

#### 2. Erindi frá fimleikadeild Hattar

*Fimleikadeild Hattar óskar eftir tækninefnd í hóp fimleikum skoði þann möguleika að hægt verði að nota keppendur úr yngri flokkum til að keppa á dýnu eða trampí án þess að taka þátt í gólfæfingum.*

Stjórn FSÍ telur það mikilvægt að endurskoða reglur móta til þess að koma til móts við þau félög sem geta átt erfitt með að ná í lið vegna fjölda. Erindinu er vísað til Tækninefndar í hóp fimleikum til afgreiðslu.

#### 3. Erindi frá fimleikadeild Keflavíkur

*Fimleikadeild Keflavíkur óskar eftir undanþágu frá aldurstakmörkum í hóp fimleikum, að tveir keppendur sem eru komnar í meistaraflokk fái að keppa með 1. flokki.*

Það sama á við um erindi frá fimleikadeild Keflavíkur og fimleikadeildar Hattar og var erindinu vísað til Tækninefndar í hóp fimleikum til afgreiðslu.

#### 4. Mótaskrá

*Drög að mótaskrá var lögð fram til kynningar.*

Ekki náðist að festa félög á öll mót ársins og standa þrjú eftir þar sem engir mótshaldarar eru. Umræður sköpuðust á fundinum um mögulegar tilfærslur og mun starfsfólk FSÍ vinna úr þeim athugasemdum.

Önnur Mál:

#### 5. Formaður TKV lýsti ánægju sinni á að varamenn hafa verið kallaðir á fund og spyr hvort þeir verði einnig kallaðir til á vinnufund stjórnar?

Stjórn svaraði því til að það verði tekið til skoðunar.

#### 6. Formaður TKV óskaði eftir því að tækninefndir verði boðaðar á formannafund sambandsins.

Stjórn mun skoða það.

#### 7. Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar boð Evrópska fimleikasambandsins á kóreógrafíu námskeið fyrir þjálfara í áhaldafimleikum kvenna sem haldið verður í Madrid á Spáni dagana 10.-13. desember.

Þrír þjálfarar frá Íslandi fara á námskeiðið.

#### 8. Sólveig Jónsdóttir kynnti landslið í áhaldafimleikum sem landsliðsþjálfarar hafa valið.

Annars vegar fyrir Norður Evrópumót og hins vegar fyrir Heimsmeistaramót.

Heimsmeistaramót sem haldið verður í Glasgow

#### **Landsliðskeppendur kvk:**

Dominiqua Alma Belányi - Ármann

Irina Sazonova - Ármann

Norma Dögg Róbertsdóttir - Gerpla

#### **Varamenn í rétttri röð:**

Tinna Óðinsdóttir - Gerpla

Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir - Gerpla

**Þjálfari:** Guðmundur Þór Brynjólfsson

**Dómari:** Berglind Pétursdóttir

**Landsliðskeppendur kk:**

Eyþór Örn Baldursson - Gerpla

Jón Sigurður Gunnarsson - Ármann

Valgarð Reinhardsson - Gerpla

**Þjálfari:** Róbert Kristmannsson

**Dómari:** Björn Magnús Tómasson

**Norður-Evrópumót sem haldið verður í Írlandi**

**Landsliðskeppendur kk:**

Eyþór Örn Baldursson - Gerpla

Hrannar Jónsson - Gerpla

Hróbjartur Pálmar Hilmarsson - Ármann

Jón Sigurður Gunnarsson - Ármann

Martin Bjarni Guðmundsson - Gerpla

**Þjálfari í ferðinni:**

Guillermo Alvarez

**Dómarar í ferðinni:**

Björn Magnús Tómasson

Sigurður Hrafn Pétursson

**Landsliðskeppendur kvk:**

Dominiqua Alma Belányi - Ármann

Irina Sazonova - Ármann

Norma Dögg Róbertsdóttir - Gerpla

Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir - Gerpla

Tinna Óðinsdóttir - Gerpla

Varamaður: Guðrún Georgsdóttir - Stjarnan

***Þjálfarar í ferðinni:***

Guðmundur Þór Brynjólfsson

Sandra Dögg Árnadóttir

***Dómarar í ferðinni:***

Berglind Pétursdóttir

Sandra Matthíasdóttir

**Fundi slitið klukkan 21:20**

**2. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 14. september.**